



# Bráðum koma blessuð jólin

Jólahald var ólíkt á milli landa í Evrópu á fyrri öldum og var það breytilegt í tímans rás eftir héruðum og kirkjuskipan hvers svæðis fyrir sig. Á miðöldum voru áramót víða miðuð við fæðingardag Jesú Krists og þess vegna eðlilegt að þar yrðu jóla- og nýársgjafir ein og hin sama. Lengi vel sést þó ekki getið um jólagjafir nema meðal evrópskra höfðingja. Oft er það á þá lund að húsbóndinn færir gestum sínum og undirsátum gjafir, þótt heimildir geti einnig um að hann fái eitthvað frá gestunum. Slíku bregður einnig fyrir í Íslendingasögunum, líka þeim sem gerast í heiðni.

Á 18. og 19. öld koma fram jólamarkaðir í evrópskum borgum þar sem bæði er til sölu jólaskraut og hlutir til jólagjafa. Jólagjafir í nútímaskilningi þekktust þó ekki að neinu ráði meðal evrópsks almennings fyrr en kom fram á 19. öld. Hinn eiginlegi gjafadagur til barna á miðöldum og lengi síðan meðal kaþólskra var messudagur heilags Nikulásar sem ber upp á 6. desember.

Á Íslandi verður ekki vart við eiginlegar jólagjafir eins og við þekkjum þær í dag fyrr en seint á 19. öld. Sumargjafir hafa

þekkt miklu lengur, enda lítur út fyrir að í gamla íslenska tímatalinu sé gert ráð fyrir að árið byrji á sumardaginn fyrsta – það minnir okkur þá á erlendar áramótagjafir. Að vísu er yfirleitt reiknað með því að hver heimilismaður fái nýja flík og nýja skó á jólnum, annars er hætta á að jólakötturinn birtist. Þetta var þó aldrei nefnt jólagjöf heldur virðist frekar hafa verið litið á það sem einhvers konar aukabókun. Eftir að þéttbýli tók að myndast í Reykjavík og nokkrir menn taka að hafa atvinnu af skósmíði, má sjá að þeir reyna að höfða til fólks í auglýsingum um jólaskó. Annar algengur jólaglaðningur var kerti handa hverjum og einum heimilismanni. Kertasteypa var eitt þeirra verka sem varð að inna af hendi fyrir jól. Kertin voru reyndar mikils virði því þau voru gerð úr sauðatólg og þóttu dýr, enda oftast notuð í kirkjum en ekki meðal almúgans, nema á jólum. Þar varð lýsiskolan yfirleitt að nægja, en hún bar mjög daufa birtu. Kertaljósið var langtum bjartara og því gott á dimmasta tíma ársins.



## Börnin fara að hlakka til

Matargjafir til fátækra fyrir jól virðast eiga sér ævafornar rætur og voru með ýmsu móti eftir ólíkum löndum. Efnaðra fólk sendi þannig gjarnan fátækari nágrönnum sínum matarögn til að eiga um jól. Kapólska kirkjan lét ekki sitt eftir liggja og jartheinasaga í *Jóns sögu helga* sýnir að á Íslandi þótti vænlegra að beiðast ölmusu um jól en á öðrum tímum. Í íslenskum máldögum og testamentisbréfum allt frá 13. öld sést fjallað um slíka ölmusu.




Með vaxandi þéttbýli á 19. og 20. öld spruttu víðast hvar upp kvenfélög, ungmennafélög og sérstök góðgerðafélög sem mörg hver leituðust við að veita bágstöddum einhvern jólaglaðning, eins og þekkist enn í dag. Víðast hvar sinntu kvenfélögin þessu starfi af mikilli alúð. Í Reykjavík mætti nefna Thorvaldsensfélagið 1875,

Mæðrastyrksnefnd 1928, Hjálpræðisherinn 1895 og Vetrarhjálpina 1934 sem reyndar var styrkt af bæjarstjórn. Fyrsta blaðagreinin af matar- og jólaglaðningi fyrir jól birtist árið 1876 í Þjóðólfi:

*Samtök heldri stúlkna í Reykjavík.* Ekki fáar heldri yngisstúlkur í bænum höfðu samtök um, fyrir jólaföstuna, að hittast einusinni í viku hverri til jóla og vinna saman nokkra klukkutíma í senn í þeim tilgangi að búa til jólagjafir til útbýtingar meðal hinna fátækustu heimila í bænum. Tóku þær sóknarprestinn og 2 menn aðra í ráð með sér, og hefur þetta fallega fyrirtæki haft hinn besta framgang og orðið ekki fáum yngri og eldri til gleði og hjálpar.

(Árni Björnsson, *Saga daganna*, bls. 366)

Það verður þó að segjast að fæstir virðast hafa haft ánægju af því að þurfa að þiggja ölmusu í hvaða mynd sem hún kom.



## Allir fá þá eitthvað fallegt

Eftir miðja 19 öld. fer að bera á jólagjöfum í þeirri mynd sem við þekkjum þær í dag enda hafði verslunum fjölgað og fullt verslunarfrelsi fengist árið 1855. Samkvæmt Árna Björnssyni þjóðfræðingi birtist fyrsta íslenska eiginlega jólaauglýsingin í Þjóðólfi árið 1866 en þar stóð:

Af því að jól og nýár fara nú í hönd viljum við vekja athygli foreldra og annarra sem ætla að gefa börnum og unglíngum *jóla eða nýárs gjafir* að ekkert er betur lagað til þessa en hið *íslenska Nya Testamenti*, sem hið Engelska og útlenda Biflíufélag hefir gefið út.

(Árni Björnsson, *Saga daganna*, bls. 366).

Eftir 1875 fer auglýsingum fyrir jól að fjölga. Auglýstu kaupmenn ýmsan varning, bæði glysvarning og nytjahluti. Mætti þar nefna kerti og spil, fatnað ýmiskonar, vindlakassa, vín, grímur, blýanta, sælgæti, sápur, bækur

fyrir börn og fullorðna, myndir af Jóni Sigurðssyni, Bjarna Thorarensen og biskupi Íslands og síðast en ekki síst leikföng fyrir börnin. Langt fram á 20. öldina var algengt að kaupmenn auglýstu sérstaka jólabasara og buðu þá afslátt af ýmsum vörum. Í seinni heimstyrjöldinni fellur þessi hefð niður en á sama tíma fjölgar jólagjöfum talsvert. Ástæða þess er að hluta til bættur hagur verkafólks á stríðsárunum en eitt það fyrsta sem fólkið gerði við bætt lífskjör var að sjá til þess að börn þeirra fengju líka jólagjafir, ekki síður en börn heldra fólks. Allar götur upp frá því hafa íslensk börn fengið gjafir á jólum, stundum bækur, spil og einstaka flík en þær bestu hljóta að vera öll dásamlegu leikföngin.